

4. Á tímabilinu 5. desember 1995 - 15. mars 1996 á svæði út af Deild sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°04'00 N - 23°47'00 V | 3. 66°24'50 N - 23°47'00 V |
| 2. 66°15'00 N - 24°03'50 V | 4. 66°12'00 N - 23°28'00 V |

Að suðaustan markast svæðið af fjöruborði.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995,
um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

2. mgr. 1. töluliðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er þó, þrátt fyrir ofangreint bann, að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni á eftirgreindum svæðum:

- | | |
|-------------------------------|-------------------------------|
| A. 1. 65°36'00 N - 26°35'00 V | B. 1. 64°00'50 N - 26°07'66 V |
| 2. 65°29'00 N - 26°46'00 V | 2. 64°10'00 N - 25°37'00 V |
| 3. 64°38'00 N - 26°46'00 V | 3. 63°53'00 N - 25°07'00 V |
| 4. 64°38'00 N - 26°54'00 V | 4. 63°38'00 N - 25°45'00 V |
| 5. 65°26'00 N - 26°54'00 V | 5. 63°50'00 N - 26°10'00 V |
| 6. 65°26'00 N - 27°16'00 V | |
| 7. 65°36'00 N - 26°55'00 V | |

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Ísland, öðlast gildi 2. desember 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.